

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 8. júní 2022

Mál nr. E-3970/2021:

A

(*Gestur Gunnarsson lögmaður*)

gegn

B og

X

(*Guðmundur B. Ólafsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 12. maí sl., er höfðað 30. júlí 2021 af A, [...], Reykjavík, á hendur B, [...], Reykjavík, og X, [...], Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að hann sé réttur og lögmætur eigandi 50% hlutafjár í stefnda X, kt. [...], að nafnverði 4.250.000 krónur. Þá krefst stefnandi þess að stefnda X verði með dómi gert skylt að færa nafn stefnanda í hlutaskrá félagsins þar sem tilgreind hlutafjáreign stefnanda kemur fram og samhliða því lækka hlutafjáreign stefnda B, þannig að eignarhlutur stefnanda og stefnda B hvors um sig verði að nafnverði 4.250.000 krónur í hlutaskrá X. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda B að mati dómsins.

Stefndu B og X krefjast þess báðir að málinu verði aðallega vísað frá dómi en til vara sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir hvor um sig málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með úrskurði dómsins [...] 2022 var frávísunarkröfum stefndu hafnað.

I

Málavextir

Stefnandi og stefndi B eru eigendur að hinu stefnda félagi X Samkvæmt því sem fram er komið í málinu er stefndi B eigandi 97% hlutafjár í félaginu og stefnandi 3% hlutafjár. Hið stefnda félag, sem áður hét Z, mun hafa verið sett á laggirnar til að halda utan um kaup á skika í landi jarðarinnar Y og verkefni því tengt. Festu stefnandi og stefndi B kaup á félaginu 14. október 2015.

Með kaupsamningi 15. október 2015 keypti félagið Z landið Y og nam kaupverðið 16.000.000 króna. Fram er komið í málinu að aðilar hafi orðið ásáttir um að stefndi B myndi leggja til nauðsynlegt fjármagn til kaupanna en að stefnandi ætti kauprétt að hlutum í félaginu. Greiðslutilhögun var með þeim hætti að stefndi B greiddi 6.400.000 krónur í peningum við undirritun og 9.600.000 krónur með láni í nafni stefnda B. Gaf félagið út óverðtryggt skuldabréf til stefnda B að fjárhæð 9.600.000 krónur með veði í landinu til tryggingar á láni hans.

Í grein 1.1 í undirrituðu hluthafasamkomulagi hluthafa í X frá 20. janúar 2016 kemur fram að hlutafé félagsins sé 500.000 krónur og að samningsaðilar séu hluthafar að jöfnu með 250.000 króna eignarhlut hvor og í grein 1.2 að hluthafasamkomulagið sé til komið vegna kaupa félagsins á landinu Y. Fjármögnun félagsins vegna kaupanna, samtals 16.000.000 króna, sé með þeim hætti að stefndi B leggi persónulega fram ábyrgð á skilvísnum greiðslum af láni sem hann hafi gefið út að fjárhæð 8.000.000 króna auk þess sem hann leggi fram hlutafé að fjárhæð 8.000.000 króna.

Þá segir í grein 2.1 að samningsaðilar séu sammála um að greiðsla stefnda B að fjárhæð 8.000.000 króna greiðist til félagsins með hækkun á hlutafé þess á genginu 1 og að B verði skráður fyrir hækkuninni. Þetta er útfært nánar í grein 2.2 þar sem fram kemur að við umrædda hækkun á hlutafé verði því skipt upp í tvo hlutaflokka, A-hlutaflokk og B-hlutaflokk. Útgáfa nýrra hluta að fjárhæð 8.000.000 króna skuli tilheyra B-flokki en núverandi hlutafé, að fjárhæð 500.000 krónur, A-flokki. Heildarhlutafé félagsins eftir hækkun verði því 8.500.000 krónur.

Í grein 2.4 kemur fram að stefnandi njóti kaupréttar að helmingi hlutafjár í B-flokki á genginu 1. Komi til hagnýtingar stefnanda á kaupréttinum skuldbindi samningsaðilar sig til að breyta samþykktum félagsins þannig að einungis verði um einn hlutaflokk að ræða og stefnandi og stefndi B eigi þá félagið að jöfnu eða 4.000.000 hvor á nafnverði. Þá segir að stefnandi skuldbindi sig til að nýta kauprétt sinn innan fimm ára frá dagsetningu samkomulagsins. Nýti stefnandi ekki kauprétt sinn innan þess tíma sé stefnda B heimilt að breyta B-hlutdeild sinni í A-hluta og muni stefnandi þá falla frá forkaupsrétti.

Samkvæmt grein 3.3 lýsa samningsaðilar því yfir að þeir muni greiða afborganir láns, sem B hafi tekið í tengslum við kaup félagsins á umræddu landi og gengið hafi til kaupa á því, að jöfnu á hverjum gjalddaga. Í viðauka frá 1. október 2020 við „gildandi hluthafasamkomulag allra hluthafa í X“ kemur fram að aðilar séu „ásáttir um að framlengja greiðslutímabil A á innborgun á öllum greiðslum sínum samkvæmt gildandi hluthafasamkomulagi til 15. maí 2021“.

Samkvæmt gögnum málsins var hlutafé félagsins hækkað 1. október 2020 í 8.500.000 krónur og mun hækkunin hafa verið greidd í peningum af stefnda B. Samþykktir félagsins eru dagsettar og áritaðar um móttöku af ríkisskattstjóra sama dag. Greinir stefnandi svo frá að á þeim tíma hafi stefndi B fullyrt við sig að þegar greiðsla hans myndi berast yrði hlutur hans jafn á við hlut stefnda. Þetta hafi stefnandi tekið trúanlegt enda í samræmi við samkomulag aðila.

Í tölvupósti stefnanda 14. maí 2021 til stefnda og F segir: „Vegna samnings um framlengingu greiðslu Þ [...] á A-hlutabréfum í X [...] sem til greiðslu eru 15.05.21 er óskað uppfærslu útreikninga á greiðslunni.“ F svarar tölvupósti stefnanda degi síðar, 15. maí 2021, og fær stefndi B einnig þann tölvupóst þar sem segir: „Meðfylgjandi er

uppfærður útreikningur til dagsins í dag 15. maí 2021. Greiðsla A inn í félagið skv. samkomulaginu á því að vera kr. 10.059.518. Þið látið í ykkur heyra ef eitthvað er.“

Degi síðar, 16. maí 2021, sendir stefnandi aftur tölvupóst og óskar eftir bankaupplýsingum og „greitt verður um hæl“. Rúmum hálf tíma síðar sendir hann „Messenger“-skilaboð, kl. 17:02, á F sem stefndi B virðist einnig vera með á. Þar segir: „geturðu sent mér bank info fyrir millifærsluna? Vantaði í póstin. Ég næ ekki í B“. F segir það sjálfsagt mál og gefur honum upp reikningsnúmerið og biður um að fá kvittun senda í tölvupósti. Þá segir stefnandi að hann nái ekki að millifæra út af Þ þar sem upphæðin sé of há. Greiðslan muni koma frá félagi hans. Þá spyr hann hvaða skýringu hann vilji fá með greiðslunni. Tveimur klukkustundum síðar eða kl. 19:14 spyr stefnandi hvort hann hafi fengið staðfestingu á greiðslunni. Játar F því í svari sínu kl. 20:20. F svarar einnig tölvupósti stefnanda sama dag kl. 17:50 og gefur upp bankareikning félagsins með afriti á stefnda B.

Stefnandi sendi F og stefnda B tölvupóst 17. maí 2021 með yfirskriftina „Frágangur v/hlutabréfa í X“ þar sem fram kemur að vegna frágangs þeirra mála óski hann eftir því að bréfin í X fari á félag í hans eigu, Æ, og spyr svo hvenær þeir geti hist fyrir frágang.

F svarar degi síðar, 18. maí 2021, með tillögu að fundartíma á föstudegi í sömu viku. Svarar stefnandi sama dag á þá leið að sú tímasetning henti honum og stefndi B staðfestir það daginn eftir, 19. maí 2021.

Fram er komið í málinu að aðilar hafi svo hist á fundi þann 21. maí 2021 og að þar hafi komið fram hjá stefnda B að hann teldi stefnanda ekki hafa nýtt kauprétt sinn innan tilskilins tíma og að hann væri því niður fallinn. Var því mótmælt af hálfu stefnanda sem kvað greiðsluna hafa verið móttækna og staðfesta án nokkurs fyrirvara eða athugasemda af hálfu stefnda B.

Lögmaður stefnanda krafðist hluthafafundar í félaginu í bréfi 28. maí 2021 á grundvelli 60. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Var framangreindri afstöðu stefnda B jafnframt mótmælt og sjónarmið stefnanda ítrekuð. Var jafnframt gerð krafa um að tekið yrði fyrir mál er sneri að því að grein 2.4 í hluthafasamkomulaginu félagsins yrði uppfyllt, þ.e. að þar sem greiðsla stefnanda hefði borist yrði samþykktum félagsins breytt með þeim hætti að um einn hlutaflokk yrði að ræða og stefnandi yrði helmingseigandi hluta í félaginu. Í svarbréfi stefnda var áréttað að kaupréttur hefði ekki verið nýttur innan tilsettra tímamarka og því væru skilyrði greinar 2.4 ekki uppfyllt til að unnt væri að breyta samþykktum. Var boðað til hluthafafundar 2. júlí 2021.

Samkvæmt fundargerð hluthafafundarins var á fundinum farið yfir eignarhluti í félaginu og hluthafasamkomulag stefnanda og stefnda B. Hlutaféð hefði verið aukið 1. október 2020 í 8.500.000 krónur og skiptist þannig að stefndi B ætti 8.250.000 krónur og stefnandi 250.000 krónur. B væri því skráður fyrir 97% eignarhlut í félaginu og stefnandi

fyrir 3%. Stefnandi teldi sig eiga 50% eignarhlut þar sem hann hefði efnt samning milli aðila frá 15. október 2015 og 1. október 2020 enda hefði móttakandi samþykkt í verki að greiðslan hefði borist 16. maí 2021. Upplýsingar um greiðslustað hefðu borist þann dag og greitt hefði verið samdægurs. Því hefði ekki verið borið við fyrr en seinna að greiðsla hefði borist of seint. Krafðist hann þess að hlutaskrá félagsins yrði leiðrétt til samræmis við það. Stefndi B mótmælti sjónarmiðum stefnanda og benti á að greiðslan hefði ekki borist á réttum tíma, eindagi hefði verið 15. maí og engin greiðsla hefði borist frá stefnanda fyrir þann tíma. Úrskurðaði fundarstjóri, F, að miða skyldi við opinbera skráningu á eignarhlut.

Samkvæmt afritum af millifærslum í málinu eru 10.059.518 krónur greiddar inn á uppgefinn bankareikning 16. maí 2021 í tveimur færslum kl. 18:16 og 18:23. Í reit fyrir stutta skýringu með fyrri greiðslunni er skráð „X“ og í Mín skýring „Greitt smkl.m Þ og B“ og í þeirri síðari „Skl.m. Þ og B“. Óumdeilt er í málinu að greiðslurnar innti félagið Ö af hendi, en það mun vera félag í eigu kunningja stefnanda.

Í tölvupósti til J, eiganda félagsins Ö, 15. og 21. júlí 2021 vísar stefndi B til þess að þeir hafi talað saman í síma fyrir tveimur til þremur vikum og loksins hafi honum tekist að hafa uppi á netfanginu hans. Kveður hann félagið Ö hafa lagt inn á félagið X fé í tveimur greiðslum sem hljóti að vera misskilningur. Óskar stefndi B eftir samþykki J fyrir því að hann millifæri þessar upphæðir til baka inn á reikning Ö. sem allra fyrst.

Í bréfi lögmanns stefnanda 26. júlí 2021 til stefnda B er vísað til áður nefnds tölvupósts til eiganda Ö og tekið fram að augljóst sé að honum sé uppruni greiðslanna ljós. Þær hafi farið fram í tengslum við kaup stefnanda á 50% hluta í félaginu X á grundvelli kaupréttarákvæðis í hluthafasamkomulagi stefnanda og stefnda B. Stefnandi hafi gert grein fyrir því að nauðsynlegar greiðsluupplýsingar hefðu borist um helgi og stórgreiðslukerfi þá lokað og því myndi greiðslan fara í gegnum félag í eigu vinar hans. Greiðslurnar hafi verið móttæknar og staðfestar án nokkurra athugasemda. Samskipti hafi verið milli lögmannna um greiðslurnar og afstöðu stefnanda. Þá var vakin athygli á því að greiðslurnar næmu nákvæmlega sömu fjárhæð og stefnanda hefði borið að greiða vegna hagnýtingar hans á kaupréttinum. Framangreint svar við tölvupósti væri því markleysa enda hefði stefndi lýst því yfir á hluthafafundi að 2. júlí 2021 að greiðslurnar hefðu komið of seint og kauprétturinn væri því niður fallinn og þar með viðurkennt að þær hefðu verið vegna hagnýtingar stefnanda á kaupréttinum.

Með tölvupósti 3. ágúst 2021 ítrekaði stefndi B efni tölvuskeyta sinna frá 15. og 21. júlí 2021 til áður nefnds J og óskaði eftir upplýsingum um kennitölu Ö og númer reiknings svo hann gæti millifært áður nefnda fjárhæð til baka inn á reikning félagsins.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Dómkrafan sé sett fram til að knýja fram efndir á hluthafasamkomulagi aðila í samræmi við efni þess, aðallega grein 2.4 og viðauka við það um framlengingu á kauprétti. Það hafi ávallt staðið til að félagið yrði í sameiginlegri eigu stefnanda og stefnda B og við það hafi verið miðað í hluthafasamkomulaginu.

Stefnandi telur sig hafa innt greiðslur af hendi í samræmi við ákvæði hluthafasamkomulagsins og viðauka við það með millifærslum 16. maí 2021. Þar sem 15. maí 2021 hefði borið upp á helgi og stórgreiðslukerfi bankanna þá verið lokað hefði hann fengið félag í eigu kunningja síns til að millifæra fjárhæðina fyrir sína hönd. Millifærslan hafi verið móttækin og staðfest af hálfu F fyrir hönd stefnda B án nokkurs fyrirvara eða mótmæla en F hafi ávallt komið fram fyrir hönd B í samskiptum við stefnanda. Stefnandi hafi í framhaldinu óskað eftir því að hlutir hans yrðu skráðir á annað félag í hans eigu og óskað eftir fundi þar sem gengið yrði frá þeim málum. Á fundi 21. maí 2021 hafi stefnanda svo verið tilkynnt að þar sem greiðslan hefði borist 16. maí í stað 15. maí, eins og viðauki hluthafasamkomulagsins hefði kveðið á um, hefði kaupréttur hans fallið niður.

Stefnandi byggir á því að hann hafi allt frá upphafi sýnt greiðsluvilja og með greiðslu sinni 16. maí 2021 hafi hann staðið við gerðan samning milli hans og stefnda B. Stefnandi hafi greitt þá fjárhæð sem stefndi hafi uppreiknað um leið og hann hafi fengið upplýsingar um réttan greiðslustað. Stefndi B hafi móttækið og staðfest greiðslu stefnanda án nokkurs fyrirvara og samþykkt þar með í verki að greiðslan bærisk 16. maí 2021.

Stefnandi hafnar því alfarið að kaupréttur hans sé niður fallinn þar sem greiðsla hans hafi borist of seint. Stefnandi hafi óskað eftir uppfærðum útreikningum og upplýsingum vegna greiðslu sinnar 15. maí 2021. Aftur á móti hafi honum þann dag einungis borist uppfærðir útreikningar en engar upplýsingar um greiðslustað. Slíkar upplýsingar hafi ekki borist fyrr en 16. maí 2021, eftir að hann hafði í tvígang óskað eftir þeim. Greiðslan hafi verið innt af hendi um leið og þær upplýsingar bárust.

Stefnandi byggir á því að tilkynning hans um hagnýtingu kaupréttar, samkvæmt grein 2.4 í hluthafasamkomulagi, hafi falið í sér ákvöð sem hafi skuldbundið bæði hann og stefnda B þegar tilkynningin barst þeim síðarnefnda. Aftur á móti hafi stefnandi ekki haft þær upplýsingar sem voru nauðsynlegar til að efna hagnýtingu kaupréttarins af sinni hálfu þegar hann tilkynnti um hagnýtingu kaupréttarins. Því hafi ekki verið um greiðsludrátt að ræða, sem stefnanda verði um kennt, heldur verði hann rakinn til ófullnægjandi upplýsingagjafar af hálfu stefnda B og samstarfsmanns hans sem stefndi verði að bera allan halla af.

Stefnandi byggir jafnframt á því að með því að veita stefnanda upplýsingar um greiðslustað 16. maí 2021, þ.e.a.s. degi eftir umsaminn lokagreiðsludag, hafi stefndi B

veitt stefnanda greiðslufrest. Sú staðreynd að endurgreiðsla stefnda B vegna greiðslu stefnanda hafi ekki enn komið til undirstriki enn frekar að stefndi B hafi veitt framangreindan frest og með gjörðum sínum hafi hann samþykkt greiðslu stefnanda á þessu síðara tímamarki.

Í hluthafasamkomulagi aðila sé hvergi vikið að vanefndaúrræðum vegna greiðsludráttar. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi enga heimild haft til að bregðast við með þeim hætti sem að framan greinir. Raunar hafi stefndi B ekki beitt neinum vanefndaúrræðum vegna meints greiðsludráttar heldur hafi hann þvert á móti tekið athugasemdalaust á móti greiðslunni frá stefnanda og ekki borið fyrir sig að stefnandi hefði vanefnt hluthafasamkomulagið með neinum hætti. Þá hafi meintur greiðsludráttur einungis verið einn dagur og því byggir stefnandi á því að á grundvelli reglunnar um vilja og getu skuldara til að greiða sé ótækt að stefndi haldi því fram að kaupréttur stefnanda sé niður fallinn.

Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir loforða. Krafa stefnanda sé skýr og studd viðhlítandi gögnum. Samkomulag aðila hafi verið réttilega efnt með greiðslu stefnanda þann 16. maí 2021 og með fyrirvaralausri móttöku sinni og staðfestingu til stefnanda þess efnis hafi stefndi B samþykkt greiðsluna. Með framangreindri háttsemi og í ljósi þess að ekki hafi enn komið til endurgreiðslu til stefnanda hafi stefndi með tómlæti sínu glatað öllum rétti sínum til beitingar vanefndaúrræða, hafi hann nokkurn tímann átt rétt til slíks.

Varðandi aðild, þá sé málið höfðað gegn stefnda B sem samningsaðila stefnanda og seljanda hlutafjárins. Þá sé málið jafnframt höfðað á hendur stefnda X enda sé það skylda félagsins sjálfs og stjórnar þess að halda hlutaskrá sem endurspeglir rétt eignarhald á félaginu. Vísað sé til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í þeim efnum.

Hlutafjárukningin í október 2020 hafi verið gerð að frumkvæði B og hún sé í raun að einhverju leyti frágangur sem hafi átt að eiga sér stað á árinu 2016 þegar gengið var frá fyrra hluthafasamkomulaginu. Samhliða því hafi verið gengið frá þessari framlengingu, á sama fundinum, og því hafi ekki farið á milli mála að aðilar litu svo á að kauprétturinn væri enn fyrir hendi. Ekki sé hægt að líta svo á að með hlutafjárukningunni hafi kauprétturinn verið þurrkaður út eða hann fallið niður. Hafni stefnandi öllum sjónarmiðum stefndu um þetta.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu B og X.

Málsástæður stefndu og lýsing málsatvika eru með áþekkingu hætti og þykir réttast að gera grein fyrir þeim í einu lagi. Stefndu lýsa tildrögum málsins svo að stefnandi og

stefndi B hafi eignast hið stefnda félag X. Hlutfé félagsins hafi í upphafi verið 500.000 krónur og þeir átt 50% hlut hvor. Ákveðið hefði verið að auka hlutfé félagsins um 8.000.000 króna. Tilgangurinn hafi verið að kaupa lóð við D fyrir 16.000.000 króna. Hluthafasamkomulag hafi verið gert 20. janúar 2016. Samkvæmt því skyldi hlutfjárukning fara fram með þeim hætti að hlutfé yrði aukið um 8.000.000 króna með því að gefin yrðu út B-hlutabréf með takmörkuðum réttindum. Stefnanda hafi verið gefinn greiðslufrestur í fimm ár til að nýta kauprétt á helmingshlut í aukningunni. Þegar til hafi komið hafi stefnandi ekki getað nýtt sér kaupréttinn og fengið viðbótarfrest til þess til 15. maí 2021. Jafnframt hafi stefnandi átt að greiða af 8.000.000 króna láni til jafns við B sem tekið hafi lánið í eigin nafni til fjármögnunar kaupanna. Stefnandi hafi aldrei greitt af láninu.

Stefnandi hafi ekki staðið skil á greiðslum vegna kaupréttarins á tilsettum tíma. Honum hafi verið tilkynnt um það á fundi 21. maí 2021 og því væri litið svo á að kaupréttur hans væri niður fallinn. Í framhaldi af því hafi stefndi B ítrekað reynt að greiða til baka fjármuni sem félagið Ö hafi lagt inn á reikning hins stefnda félags en ítrekuðum tölvupóstum hans með beiðni um nauðsynlegar upplýsingar hafi ekki verið svarað. Haldinn hafi verið hluthafafundur 2. júlí 2021 og þá hafi komið fram mótmæli stefnanda við því að hann teldist ekki vera eigandi 50% hlutfjár í stefnda, X.

Stefndu benda á að í stefnu sé vísað til hluthafasamkomulags vegna Z sem aldrei hafi verið gert. Allur málatilbúnaður stefnanda með vísan til þess skjals sé því markleysa. Á hinn bóginn liggi fyrir hluthafasamkomulag frá 20. janúar 2016 og samkvæmt því hafi stefnandi átt kauprétt á hlutabréfum í B-flokki og kveðið sé á um nýtingu hans innan fimm ára. Hlutabréfunum hafi þó aldrei verið skipt í tvo flokka eins og samkomulagið hafi gert ráð fyrir. Stefnandi hafi verið stjórnarformaður félagsins en þrátt fyrir það hafi aldrei verið gengið frá hlutfjárukningunni formlega og B-hlutabréf aldrei gefin út í samræmi við hluthafasamkomulagið 20. janúar 2016. Geti stefnandi ekki kennt neinum öðrum en sjálfum um að hafa ekki skráð bréfin í tvo flokka. Á hluthafafundi 1. október 2020 hafi verið gengið frá aukningunni. Einungis hafi þá verið um einn flokk hlutabréfa að ræða og meginefni hluthafasamkomulagsins um kauprétt stefnanda á hlutabréfum í flokki B fallið niður. Með samþykkt hluthafafundar hafi stefndi B orðið eigandi allra hluta í hlutfjárukningunni án nokkurra takmarkana og hann þannig átt 97% af heildarhlutfé félagsins.

Stefndu byggja á því að stefnandi geti ekki byggt rétt sinn á hluthafasamkomulagi sem ekki sé hægt að efna. Kaupréttur stefnanda, hafi hann verið fyrir hendi, hafi verið fallinn niður. Viðbótarsamkomulag um framlengingu frests til að nýta kauprétt hafi því einnig fallið niður á hluthafafundi 1. október 2020. Geti stefnandi því ekki heldur byggt rétt sinn á því.

Ef ekki verður fallist á að samkomulag um nýtingu kaupréttar hafi fallið niður með samþykkt hlutafjárukningar á hluthafafundinum 1. október 2020 byggja stefndu á því að stefnandi hafi ekki nýtt sér þann frest sem fram hafi komið í viðbótarsamkomulaginu um að nýta þyrfti kaupréttinn eigi síðar en 15. maí.

Óumdeilt sé að engin greiðsla hafi komið frá stefnanda 15. maí 2021. Innborgun hafi komið frá félaginu Ö 16. maí 2021 en engin eignatengsl séu á milli stefnanda og þess félags. Því sé alfarið hafnað að innborgun frá því félagi hafi skapað stefnanda einhvern rétt. Aðilum hafi ekki verið heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt hluthafasamkomulaginu til þriðja aðila. Stefnanda hafi verið tilkynnt á fundi 21. maí 2021 um þá afstöðu stefndu að greiðsla hefði ekki borist fyrir tilskilinn tíma og kaupréttur væri niður fallinn.

Stefndu hafni því að stefnandi hafi ekki haft upplýsingar til að geta nýtt kauprétt. Stefnanda hafi verið fullkunnugt um númer bankareikninga enda hafi hann verið stjórnarformaður félagsins allt frá árinu 2015. Engir starfsmenn hafi starfað hjá félaginu og hann því haft yfirumsjón með því.

Þá hafi stefnanda verið fullkunnugt um hvenær kaupréttur félli niður. Það hafi alfarið verið á hans ábyrgð að afla sér upplýsinga til að geta nýtt sér rétt sinn fyrir tilskilinn tíma. Stefnandi hafi ekki óskað eftir upplýsingum um reikningsnúmer fyrr en fresturinn hafi verið liðinn. Því sé alfarið hafnað að um skort á upplýsingum af hálfu stefnda B hafi verið að ræða. Það að stefnandi hafi ekki nýtt sér meintan rétt sinn með greiðslu hafi falið í sér greiðsludrátt sem hann einn verði að bera ábyrgð á.

Þá sé því alfarið hafnað að í ósk um stöðu fjárhæðar hafi falist tilkynning um hagnýtingu kaupréttar sem fylgt hafi ákvöð. Einungis hafi verið óskað eftir upplýsingum um fjárhæð en í því hafi ekki falist neinn kaupréttur til handa stefnanda.

Dagsetning nýtingar á kauprétti hafi verið skýr og ótvíræð og óumdeilt sé að kauprétturinn hafi ekki verið nýttur innan tilgreindra tímamarka. Ekkert í háttsemi stefnda B hafi gefið stefnanda tilefni til þess að líta svo á að hann hefði veitt stefnanda lengri frest eða að fresturinn lengdist sjálfkrafa. Stefnandi hafi ekki farið fram á lengri frest og lengri frestur hafi ekki verið veittur.

Stefnandi geti heldur ekki byggt neinn rétt á því að það að gefa upp reikningsnúmer hafi merkt að greiðslufrestur væri framlengdur. Reikningsnúmerið hafi verið gefið upp af F sem hafi verið félaginu til aðstoðar en starfi ekki fyrir félagið að öðru leyti. Hann hafi því hvorki haft stöðuumboð né sérstakt umboð frá stefnda B til að gefa lengri greiðslufrest. Þó að fyrirspurn stefnanda um reikningsnúmer hafi verið svarað hafi það ekki haft nokkra lögformlega þýðingu í þá átt að með því væri greiðslufrestur framlengdur. Stefndi B hafi verið sá eini sem gat gefið slíkan frest og það hafi hann ekki gert. Þá hafi F ekki verið kunnugt um hvers vegna stefnandi óskaði eftir upplýsingum

um bankareikning og hafi allt eins aðrar ástæður getað legið þar að baki en að hann hygðist neyta kaupréttar.

Það að ekki hafi farið fram endurgreiðsla á innborgunum Ö skapi engan rétt til handa stefnanda. Fjármunirnir liggi inni á reikningi X og stefndu hafi reynst ókleift að leggja fjármunina inn á reikning Ö þar sem það félag hafi ekki veitt nauðsynlegar upplýsingar til þess að það væri unnt.

Því sé jafnframt mótmælt að greiðsla Ö geti talist gild greiðsla fyrir hönd stefnanda enda stafaði hún ekki frá honum sjálfum og hafi verið lögð inn á reikning X en ekki stefnda B beint sem eiganda hlutafjárins. X sem slíkur sé ekki aðili að hluthafasamkomulaginu.

Stefndu telja að samkomulag aðila beri að túlka eftir orðanna hljóðan. Stefnandi geti ekki byggt kauprétt á samkomulagi þegar frestur til að nýta hann sé liðinn. Óumdeilt sé að ef ekki yrði staðið við greiðslu samkvæmt samkomulaginu á tilteknum degi félli kaupréttur niður. Þá sé óumdeilt að greiðslan hafi ekki verið innt af hendi innan þeirra tímamarka sem tilgreind voru í samkomulaginu og síðar í viðaukanum við það. Ekki hafi verið um fyrirvaralausá móttöku að ræða enda hafi fjárhæðin verið lögð beint inn á reikning félagsins og því ekki hægt að hafna greiðslu. Stefnandi hafi sjálfur vel vitað að hann greiddi eftir að tímafrestur var liðinn og hafi auk þess verið upplýstur um það á fundi sex dögum síðar. Því sé alfarið hafnað að í því hafi falist samþykki fyrir greiðslunni eftir að tímafresti var lokið eða að um eitthvert tómlæti af hálfu stefnda B hafi verið að ræða.

Þá sé því alfarið mótmælt að stefnandi hafi lagt einhverja vinnu fram í þágu félagsins. Stefnandi hafi ekki greitt eina greiðslu af afborgunum af láni sem hann hafi átt að standa skil á til jafns á við stefnda B. Hann hafi fengið fimm ár til að nýta sér kauprétt en ekki gert það og ekki heldur þann viðbótarfrest sem kveðið var á um í viðaukanaum. Langlundargerð stefnda B hafi verið þrotið og augljóst hafi verið að stefnandi hefði ekki fjárhagslega burði til að fjármagna kauprétt sinn.

Stefndi X byggir jafnframt sýknukröfu sína á því að ekki sé hægt að gera kröfu á hið stefnda félag um að breyta hlutaskrá sinni án þess að fyrir liggi hvernig hlutfjáreign skiptist enda þurfi hlutaskráin að standast bæði hjá fyrirtækjaskrá og vera í samræmi við samþykktir félagsins. Innborgun inn á reikning félagsins í þeim tilgangi að greiða hlutafé hafi ekkert með stefnda X að gera og geti ekki undir nokkrum kringumstæðum skapað stefnanda rétt gagnvart félaginu.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu krefst stefnandi viðurkenningar á því að hann sé eigandi að 50% hlutafjár, að nafnvirði 4.250.000 krónur, í hinu stefnda félagi X, eins og í fyrri lið kröfugerðar hans

greinir, og að hið stefnda félag færi hlutaskrá í samræmi við það og lækki hlut stefnda B sem því nemi, eins og fram kemur í síðari lið kröfugerðar hans. Fram er komið fyrir dóminum að einungis stefnandi og stefndi B eiga hluti í félaginu, stefnandi 3% hlutafjár og stefndi B 97% hlutafjár. Eins og fyrr greinir var frávísunarkröfum stefndu hafnað með úrskurði dómsins 31. janúar 2022.

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því að samkvæmt hluthafasamkomulagi og viðauka við það hafi hann átt kauprétt til 15. maí 2021 að helmingi hlutfjár í félaginu. Dómurinn tekur í upphafi fram að í stefnu er vísað til hluthafasamkomulags um félagið Z sem dagsett er 15. október 2015 en er óundirritað. Stefndu mótmæltu því í greinargerðum sínum að stefnandi gæti byggt nokkurn rétt á því skjali og lögðu fram hluthafasamkomulag um félagið X sem er undirritað og dagsett 20. janúar 2016. Efni þess skjals er að nokkru svipað efni hins óundirritaða samkomulags en fjárhæðir eru þar aðrar. Þá er kauprétti í fyrra skjalinu ekki markaður ákveðinn tími en það er gert í því síðara og mælt fyrir um nýtingu hans innan fimm ára frá dagsetningu samkomulagsins. Við munnlegan flutning málsins kom fram hjá lögmanni stefnanda að fyrir liggi að síðara hluthafasamkomulagið hafi leyst af hólmi hið fyrra og óumdeilt sé að það samkomulag hafi verið í gildi milli aðila er kom að nýtingu kaupréttar stefnanda. Við úrlausn málsins er gengið út frá því að hluthafasamkomulagið frá 20. janúar 2016 hafi verið í gildi milli aðila og kemur hið fyrra samkomulag því ekki til neinna álita í málinu enda verður ekki séð að það hafi orðið bindandi milli aðila í lögskiptum þeirra.

Í málinu er því byggt á því af hálfu stefnanda að hann hafi nýtt sér kaupréttinn í samræmi við hluthafasamkomulag aðila og viðauka við það með yfirlýsingu 14. maí 2021 og greiðslu 16. maí 2021. Hann hafi sent stefnda B og F, sem hafi verið ráðgjafi stefnda B, fyrirspurn 14. maí 2021 um uppreiknaða fjárhæð sem hann þyrfti að inna af hendi til að neyta kaupréttarins. Þær upplýsingar hafi borist 15. maí 2021. Hann hafi ekki verið upplýstur um greiðslustað eða bankareikning sem greiða skyldi inn á og hefði hann því sent fyrirspurn þar að lútandi 16. maí 2021.

Greiðslurnar hafi verið inntar af hendi af reikningi félagsins Ö, sem sé í eigu kunningja hans, inn á uppgefinn reikning, bankareikning stefnda X, um leið og upplýsingar um það hafi borist eða strax sama dag þann 16. maí 2021. Stefnandi byggir á því að vegna eðlis kaupréttar hafi hann einungis þurft að lýsa yfir að hann hygðist neyta kaupréttar fyrir 15. maí 2021 en ekki hafi verið áskilið að greiðslur þyrftu að vera inntar af hendi þann dag. Byggir stefnandi á því að horfa verði til háttsemi stefnda B en hann hafi mótttekið greiðslu athugasemdalaust og ekki mótmælt skilningi stefnanda á því að hann hefði neytt kaupréttar síns með umsömdum hætti fyrr en á fundi aðila 21. maí 2021 og þá hafi hann ekki sinnt fyrirspurn stefnanda um upplýsingar um bankareikning og þannig ekki látið ná í sig.

Stefndu byggja á því í málinu að samkomulag aðila um kauprétt stefnanda hafi í raun ekki lengur verið fyrir hendi þar sem hluthafasamkomulagið frá 20. janúar 2016 hafi fallið niður samhliða hlutafjár aukningu í félaginu 1. október 2020 og breytingum á samþykktum hins stefnda félags í kjölfarið. Dómurinn tekur í upphafi fram að á þessa málsástæðu stefnda verður ekki fallist. Ljóst er að samhliða hlutafjár aukningunni og breytingum á samþykktum hins stefnda félags gerðu aðilar sama dag „viðbót“ eða viðauka við hluthafasamkomulagið þar sem frestur stefnanda til að ganga frá kauprétti var framlengdur til 15. maí 2021. Hlutu báðir aðilar því að ganga út frá því að kaupréttur stefnanda væri enn fyrir hendi innan þess ramma sem hluthafasamkomulagið markaði og með hliðsjón af þeim fresti sem viðaukinn við það gerði ráð fyrir. Breytir engu í sjálfu sér í þessu sambandi þótt flokkun í A-hluta og B-hluta væri ekki lengur fyrir hendi. Með vísan til þessa fær þessi málsástæða stefndu ekki staðist og er henni hafnað.

Stefndi B hefur haldið því fram að hann hafi ekki áttað sig á því að greiðslur félagsins Ö inn á reikning hins stefnda félags væru greiðslur vegna kaupréttar stefnanda enda hafi engin tengsl verið milli stefnanda og félagsins Ö. Greiðslan hafi því ekki verið fullnægjandi þar sem hún stafaði ekki frá stefnanda. Dómurinn telur ljóst af samskiptum aðila í kjölfar innborgananna 16. maí 2021 að stefndi B hafi mátt vita að greiðslurnar væru vegna kaupréttar stefnanda og í þágu stefnanda. Mátti stefnda vera þetta ljóst af fyrirliggjandi samskiptum stefnda B og fyrirsvarsmanns félagsins Ö í júlí og ágúst 2021. Þá kom fram í aðilaskýrslu stefnda B að hann kannaðist við að hafa fengið tölvupóstinn frá stefnanda 14. maí 2021 þar sem óskað var eftir uppreikningi á kaupréttargreiðslunni.

Bendir dómurinn jafnframt á að á fundi aðila 21. maí 2021 var því eingöngu borið við af stefnda B að greiðslan hefði borist of seint en því í engu hreyft að stefndi hefði ekki tengt greiðslurnar við hagnýtingu stefnanda á kauprétti og greiðslan væri ekki gild af þeim ástæðum. Loks kom það fram í aðilaskýrslu stefnda B að fjárhæð innborgananna kom heim og saman við uppreiknaða fjárhæð kaupréttarins. Þá kom jafnframt fram í skýrslu vitnisins F fyrir dóminum að við uppreikninginn hafi, auk kaupréttargreiðslunnar, verið tekið tillit til afborgana af skuldabréfi sem stefndi B hafði staðið straum af en stefnandi átti að greiða af að jöfnu. Skiptir þá ekki meginmáli við úrlausn málsins hvort stefnandi hafði greiðsluvilja eða greiðslugetu eða hvaðan fjármunirnir komu, svo framarlega sem greiðslurnar voru inntar af hendi í því skyni að neyta kaupréttarins. Er hafnað öllum sjónarmiðum stefndu um að greiðslan hafi ekki verið gild.

Stefndu byggja á því að stefnandi hafi greitt of seint og kaupréttur stefnanda hafi því verið niður fallinn er greiðslur voru inntar af hendi 16. maí 2021. Í samræmi við orðalag hluthafasamkomulagsins og viðaukans hafi stefnandi þurft að greiða í síðasta lagi 15. maí 2021.

Fallast má á það með stefnanda að um kauprétt gildi sérstök sjónarmið að því leyti að þar hefur meginþýðingu að kaupréttarhafi tilkynni eða lýsi því yfir að hann hyggist neyta kaupréttar og það ráði úrslitum um réttaráhrif slíkrar tilkynningar eða yfirlýsingar. Einnig hefur þýðingu í þessu sambandi að sá sem þola þarf kauprétt getur ekki vikist undan kaupréttinum eða virkjun hans því með því að láta ekki ná í sig. Hvort tveggja verður ráðið með nokkuð skýrum hætti af dómum á þessu sviði.

Í hluthafasamkomulagi aðila um félagið X frá 20. janúar 2016 var í grein 2.4 kveðið á um kauprétt stefnanda með svofelldum hætti: „A skuldbindur sig til að nýta kauprétt sinn innan fimm ára frá dagsetningu samkomulags þess.“ Í „[v]iðbót við gildandi hluthafasamkomulag“ þeirra frá 1. október 2020 var mælt fyrir um að aðilar væru „ásáttir um að framlengja greiðslutímabil A á innborgun á öllum greiðslum sínum samkvæmt gildandi hluthafasamkomulagi til 15. maí 2021“.

Segja má að viðaukinn afmarki ákvæði hluthafasamkomulagsins enn frekar og hann verður ekki skilinn öðruvísi en svo að „greiðslutímabil“ sé til 15. maí 2021. Því verður að telja að úrslitaáhrif hafi hér að aðilar sömdu um að greiðslur vegna nýtingar stefnanda á kauprétti þyrfti að inna af hendi 15. maí 2021. Er því ljóst að greiðsla stefnanda 16. maí 2021 uppfyllti ekki þessi skilyrði. Jafnvel þó litið væri svo á að með tölvupósti stefnanda 14. maí 2021 þar sem hann óskar eftir „uppfærslu útreikninga á greiðslunni“ hafi hann lýst yfir með fullnægjandi hætti að hann hygðist nýta sér kauprétt sinn verður að telja alveg skýrt samkvæmt viðaukanum við hluthafasamkomulagið að greiðslufresturinn á kaupréttargreiðslunni var 15. maí 2021. Um var að ræða greiðslutímabil og fasta dagsetningu um nýtingu réttarins og því hafði tilkynningin 14. maí 2021 ekki þau úrslitaáhrif hvað varðar réttaráhrif sem stefnandi heldur fram þar sem henni var ekki fylgt eftir innan greiðslutímabilsins til 15. maí 2021 í samræmi við samkomulag aðila. Er raunar hægt að líta svo á að báðir aðilar hafi við undirritun viðaukans gengið út frá því að ljóst væri að stefnandi hygðist nýta sér kaupréttinn og að frestur til að greiða kaupréttargreiðsluna væri til og með 15. maí 2021.

Dómurinn telur engu breyta um þessa niðurstöðu að stefndi B hafi ekki nefnt í tölvupóstum þegar aðilar voru að koma sér saman um fundartíma dagana eftir að greiðslurnar voru greiddar inn á reikning hins stefnda félags að hann teldi greiðslu stefnanda hafa komið of seint og fyrst nefnt það á fundi aðila 21. maí 2021. Þá er engan veginn hægt að líta svo á að í þessari háttsemi stefnda B hafi falist eitthvert tómlæti eða viðurkenning á því að greiðslan hefði verið réttilega innt af hendi þrátt fyrir að hún hefði borist of seint og að hann hafi þannig veitt greiðslufrest í verki eins og stefnandi heldur fram. Hafa verður hér í huga að fyrirmæli viðaukans voru skýr um greiðslufrest stefnanda. Er ekki hægt að líta svo á að stefndi B hafi firrt sig rétti til að mótmæla greiðslunum sem of seint fram komnum þó að hann hafi ekki komið því sérstaklega á framfæri við stefnanda fyrr en nokkrum dögum eftir að greiðslurnar voru inntar af hendi.

Verður raunar að telja að stefnandi hafi sjálfur verið meðvitaður um greiðslufrestinn þar sem hann segir í tölvupósti þeim þar sem hann óskar eftir uppreiknaðri kaupréttarfjárhæð sem „til greiðslu er 15.05.2021“. Bendir þetta ekki til þess að stefnandi hafi talið nægilegt að óska eftir upplýsingum um uppreiknaða kaupréttarfjárhæð til að virkja kaupréttinn heldur að greiðsluna þyrfti að inna af hendi 15. maí 2021. Þá gat stefnandi heldur ekki staðið í þeirri trú að F hefði sem fulltrúi stefnda B veitt framlengdan greiðslufrest. Ekkert liggur fyrir í málinu um að F hafi haft slíka stöðu að hann gæti skuldbundið stefnda B á þann hátt. Þá skiptir heldur ekki meginmáli hér hvaða væntingar stefnandi hafði sjálfur til fundarins 21. maí 2021. Verður hér í ljósi skýrs orðalags viðaukans að hafa í huga að stefnandi óskaði eftir upplýsingum um bankareikning er fresturinn var þegar úti.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er hafnað sjónarmiðum stefnanda um að hann hafi getað nýtt kauprétt sinn í hinu stefnda félagi þrátt fyrir að umsaminn greiðslufrestur hans til þess hafi verið liðinn og verða stefndu því sýknaðir af öllum kröfum hans í málinu.

Í samræmi við úrslit málsins er samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 óhjákvæmilegt að gera stefnanda að greiða stefndu málskostnað eins og nánar greinir í dómsorði. Er þá horft til reksturs málsins fyrir dóminum, þ. á m. að málið var flutt um frávísunarkröfur stefndu og þeim hafnað með úrskurði dómsins, og hagræðis stefndu af því að varnir þeirra eru um margt áþekkar.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm. Dómarinn tók við meðferð málsins 1. nóvember 2021. Af hálfu stefnanda flutti málið Gestur Gunnarsson lögmaður og af hálfu stefndu Guðmundur B. Ólafsson lögmaður.

Dómsorð:

Stefndu, B og X, eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, A.

Stefnandi greiði stefndu, hvorum um sig, 350.000 þúsund krónur í málskostnað.

Hólmfríður Grímsdóttir